

AUGLÝSING**um afgreiðslutíma Stykkishólms Apóteks.**

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Stykkishólms Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga	kl. 10—12 og 13—18
Þriðjudaga—fimmtudaga	kl. 9—12 og 13—18
Föstudaga	kl. 9—12 og 13—19

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. janúar 1973.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

Nr. 31.

19. janúar 1973.

AUGLÝSING**um afgreiðslutíma Nes Apóteks, Neskaupstað.**

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Nes Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga—fimmtudaga	kl. 9—12 og 13—18
Föstudaga	kl. 9—12 og 13—18.45

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. janúar 1973.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

Nr. 32.

22. janúar 1973.

AUGLÝSING**um friðland í Hvannalindum.**

Samkvæmt heimild í 24. grein laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð hinn 30. október 1972 ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa Hvannalindir á Brúaröræfum í Norður-Múlasýslu, ásamt næsta umhverfi og er svæðið friðland. Má þar hvorki skerða gróður, skaða dýralíf, né gera þar jarðrask.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Að austan Kreppa. Að vestan lína frá Lindaárósi í kamb, sem ber hæst í hraunjarðinum vestan Lindaár, þaðan lína suðvestur í Kverkhjúk, sem er 893 m. á hæð yfir sjó (samkvæmt korti Herforingjaráðs frá árinu 1954), þaðan lína austur um hnjúk, 776 m. á hæð yfir sjó, rétt sunnan tjarnanna í Lindahrauni vestur í Kreppu.